

BREYTINGARTILLAGA
við tillögu til þingsályktunar um sölu fasteignar.
(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Óskari Magnússyni.
Frsm. Óskar Magnússon.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fram fari heildstæð athugun á jörðum kirkjunnar með það fyrir augum að marka heildstæða stefnu um hvernig hagnýta skuli með sem arðbærustum hætti fyrir kirkjuna þær jarðarspildur sem ekki eru í beinni notkun kirkjunnar og ekki varða ásýnd eða starfsemi kirkjunnar að öðru leyti.

Greinargerð.

Skynsamlegast er að kirkjan láti fara fram sérstaka skoðun á jörðum sínum og ákveði í framhaldi af því kerfisbundna ráðstöfun á jörðum sínum eða hlutum þeirra. Ljóst er að víða er mikil eftirspurn eftir lóðum undir frístundabyggð. Með skipulagðri vinnu og framsetningu getur kirkjan boðið tugi eða hundruð lóða til leigu til stærri aðila sem skipuleggja vilja slík svæði. Nánar er hér til dæmis átt við að kirkjan bjóði áhugasömum land undir allmörg sumarhús á hverjum stað. Leigutími yrði langur en afskipti kirkjunnar ekki önnur en að leigja út landið og taka við leigugjaldinu. Ekki er lagt til að kirkjan standi fyrir framkvæmdum.

Vinnubrögð af því tagi sem hér er líst eru mun líklegri til þess að geta orðið kirkjunni varanlegur tekjustofn í áratugi frekar en að selja einstaka spildur úr löndum kirkjunnar eftir því sem óskir um slíkt koma fram. Fyrirkomulag af þessu tagi er þekkt víða um land þar sem landeigendur af ýmsum toga hafa leigu frístundalóðir úr jörðum sínum og myndað með því fastan tekjugrunn jafnt og þétt.